

## Starfsemi Siðfræðistofnunar árið 2012

### *Stjórn og starfslið*

Stjórn Siðfræðistofnunar var óbreytt frá fyrra ári nema að Páll Skúlason var settur formaður í veikindaleyfi Vilhjálms Árnasonar frá júlí fram í desember. Aðrir í stjórn eru: Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent, tilnefnd af guðfræðideild, varaformaður, Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, tilnefnd af kirkjuráði þjóðkirkjunnar, Ástríður Stefánsdóttir, dósent, tilnefnd af Kennaraháskóla Íslands og Haraldur Briem, dósent við læknadeild, skipaður af Háskólaráði án tilnefningar. Forstöðumaður í fullu starfi er Salvör Nordal en var í rannsóknarleyfi frá ársbyrjun til loka júní og síðan í tveggja mánaða launalausú leyfi síðar á árinu. Samkvæmt reglum starfar stofnunin nú innan vébanda Hugvísindastofnunar.

### *Rannsóknir*

Siðfræðistofnun tók þátt í nokkrum styrkumsóknum á árinu. Hún leiddi umsókn sem send var til Rannís 1. júní um *Íslenskt lýðræði: vandi þess og verkefni*. Stofnunin var einnig þátttakandi í verkefninu *Nerri – Neuro-Enhancement: Responsible Research and Innovation* í 7. Rammaáætlun ESB en það verkefni er leitt af fræðimönnum í Portúgal. Verkefnið hlaut náð fyrir augum ESB og hófust samningaviðræður á árinu sem var ekki lokið í árslok. Siðfræðistofnun sótti einnig um aðild að Cost verkefninu – *Disaster Bioethics: addressing ethical issues triggered by disasters* sem hófst á síðari hluta ársins og var einn umsækjandi í Cost umsókninni *Citizen's Health through public-private Initiatives: Public health, Market and Ethical perspectives*. Þá var stofnunin þátttakandi í minni verkefnum á árinu.

Siðfræðistofnun er aðili að norrænu samstarfsneti háskóla á Norðurlöndum um heimspeki læknisfræðinnar og heilbrigðis- og lífsiðfræði undir stjórn Linköping háskóla: *Nordic Network for Philosophy of Medicine and Medical Ethics* (NNPMME). Á vegum netsins var haldinn fundur í Litháen 4.-5. október. Vilhjálmur Árnason, stjórnarformaður Siðfræðistofnunar, var þar kjörinn formaður samstarfsnetsins. Forstöðumaður á sæti í Norrænu lífsiðfræðinefndinni, var formaður hennar á árinu, og sótti fjölmarga fundi og málþing á vegum á nefndarinnar. Stjórnarformaður situr í ritnefndum tímaritanna *Medicine, Health Care and Philosophy*. A European Journal. Kluwer Academic Publishers frá 2000, *Genomics and Society*. Online journal frá 2005 og *Etikk i Praksis*. Nordisk tidskrift frá 2007.

### *Þjónusta*

Siðfræðistofnun veitti sem fyrr umsagnir um ýmis lagafrumvörp og skýrslur á árinu og veitti fagfélögum, fyrirtækjum og stofnunum ýmis konar ráðgjöf. Stofnunin gerði samstarfssamning við Festu – um samfélagslega ábyrgð. Siðfræðistofnun kemur að skipulagningu meistaranáms í hagnýtri siðfræði við Sagnfræði- og heimspekideild og kennir forstöðumaður námskeið við deildina á því sviði. Þá hefur Siðfræðistofnun skipulagt námskeið og komið að kennslu í einstökum námskeiðum hjá Endurmenntun HÍ.

### *Fyrirlestrar*

Á vegum Siðfræðistofnunar og Heimspekistofnunar var haldið málþing um Platon í desember og munu fyrirlestrarnir koma út á bók á næsta ári.